



Reykjavík 30.06.2017

Velferðarráðuneytið,
b.t. Guðrún W. Jensdóttir, lögfræðingur,
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík,

Landlæknisembættið,
Barónsstíg 47, 101 Reykjavík.

Varðandi: Viðurkenningu á hæfi geðsviðs á Landspítala háskólasjúkrahúsi til að bjóða sérnám í geðlæknisfræði.

Með tilvísan í 7., 8. og 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði þess að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi, svo og til starfsreglna nefndarinnar sem staðfestar voru af heilbrigðisráðherra 28. Júní 2016, vill mats- og hæfisnefndin tilkynna að á fundi nefndarinnar þann 30.6. 2017 var ákveðið að viðurkenna með formlegum hætti 5 ára fullt sérnám (lágmark 60 mánuðir) í geðlæknisfræði/geðlækningum sem gæti farið fram á geðsviði Landspítala háskólasjúkrahúss. Nefndin skal samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar meta hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir slíkt sérfræðinám.

Ákvörðunin var tekin með hliðsjón af endurskoðaðri marklýsingu um nám í geðlæknisfræði/geðlækningum, sem fulltrúar geðsviðsins skiluðu til mats- og hæfisnefndar þann 23.03. s.l. . Námið, sem hófst með formlegum hætti árið 2003, hefur verið endurskoðað og endurbætt á undanförunum árum og er sett upp með hliðsjón af því sem gert er á Norðurlöndum og Bretlandi. Marklýsingin er meðfylgjandi.

Mats- og hæfisnefndin hefur rætt við forsvarsmenn og kennslustjóra námsins og fengið umsagnir formanns sérgreinafélags geðlækna, framkvæmdastjóra lækninga á Landspítalanum, forstöðumanns fræðasviðsins geðlæknisfræði við Læknadeild Háskóla Íslands og umsögn Embættis Landlæknis, með tilvísan í 3. mgr. , 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015. Þá heimsóttu tveir fulltrúar nefndarinnar geðsvið Landspítalans þann 13.6. 2017 og ræddu námsferlið og aðstæður á geðsviði Landspítalans við forsvarsmenn námsins þar, svo og við fulltrúa sérfræðilækna og fulltrúa sérnámslækna. Lýsing á þeirri úttekki er meðfylgjandi. Viðmið nefndarinnar vegna matsins tekur mið af dökum og

breskum/evrópskum vinnuvenjum og reglum varðandi úttektir á námsstöðum. Í matinu er varpað ljósi á námsaðstæður, þ.m.t. mönnun, umfang og inntak starfseminnar á geðsviði Landspítalans, vinnufyrirkomulag, faglega fundi, kennslu, námstækifæri og leiðsögn sem námslæknar fá, auk samvinnu við aðrar stofnanir og deildir spítalkans og önnur skyld atriði.

Nefndin viðurkennir hér með geðsvið Landspítala háskólasjúkrahúss sem kennslustofnun í þessari sérgrein læknisfræðinnar. Námið er samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala. Viðurkenningin tekur ekki til náms í undirsérgreinum geðlækninga. Til greina kemur að hluti náms fari fram á öðrum viðurkenndum stofnunum innanlands eða erlendis samkvæmt smaningum þar um sem mats- og hæfisnefnd yrði tælkynnt um.

Endurmat þessarar viðurkenningar skal skv. reglugerð 467/2015 fara fram eigi síðar en að fjórum árum liðnum, þ.e.a.s. í júní 2021.

Yfirlit yfir viðurkenndar heilbrigðisstofnanir og marklýsingar skal með tilvísan í reglugerðina, birta á heimasíðu Embættis Landlæknis.

Virðingarfyllst, f.h. mats- og hæfisnefndarinnar,

Reynir T. Geirsson, próf. em.,

Formaður mats- og hæfisnefndar skv. reglugerð nr. 467/2015.

Afrit:

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, Landspítala háskólasjúkrahúsi

Hrund Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri, menntadeild LSH

María Einisdóttir, sviðsstjóri geðsviðs Landspítala háskólasjúkrahúss,

Nanna Briem, kennslustjóri geðsviðs Landspítala háskólasjúkrahúss

Engilbert Sigurðsson, deildarforseti, Læknadeild Háskóla Íslands

Þorbjörn Jónsson, formaður, Læknafélagi Íslands